

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Reykjanesbæ.

Heilsugæsla í Tjarnahverfi, breyting á deiliskipulagi.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti 7. febrúar 2023 breytingu á deiliskipulagi Tjarnahverfis.

Breytingin felur í sér lóð undir heilsugæslu á horni Tjarnabrautar og Stapabrautar. Aðal aðkoma að lóðinni er færð frá Tjarnabraut að Stapabraut, en áfram er möguleiki á akstursaðkomu frá Tjarnabraut. Byggingarreitir er stækkaður og heimiluð hámarksstærð byggingar aukin. Lóðin er minnkuð og nýtingarhlutfall hækkar. Gatnakerfi umhverfis lóðina er ekki samkvæmt gildandi deiliskipulagi og er bein tenging milli Njarðarbrautar og Stapabrautar.

Skipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Reykjanesbæjar, 24. febrúar 2023,

Kjartan M. Kjartansson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 13. mars 2023